

14. júní 2005

Tæplega helmingsfækkun íslenskra námsmanna í Bandaríkjunum frá árinu 1999


Í úttekt Verslunarráðs Íslands (VÍ) kemur fram að á síðustu árum hafi miklar breytingar orðið á því í hvaða löndum íslenskir námsmenn stunda nám. Námsmönnum í Bandaríkjunum hefur fækkað um 44,1% frá árinu 1999.¹ Styrkur íslensks viðskiptalífs hefur m.a. legið í fjölbreyttri menntun Íslendinga í tveim heimsálfum.

METFJÖLDI ÍSLENSKRA NÁMSMANNA Í ÚTLÖNDUM

Verslunarráð Íslands hefur frá öndverðu lagt áherslu á mikilvægi menntunar fyrir íslenskt atvinnulíf. Ráðið hefur talað fyrir fjölbreyttu námsframboði. Á síðustu árum hefur orðið mikil fjölgun nemenda á háskólastigi og hafa innlendir háskólar í vaxandi mæli þurft að beita fjöldatakmörkunum til að mæta aukinni eftirspurn nemenda. VÍ fagnar því að einkaskólar á háskólastigi hafi sannað gildi sitt á Íslandi og telur ráðið að aukin samkeppni á háskólastigi hafi komið öllum aðilum til góða.

Árið 1999 sóttu 7.538 háskólanemendur um framfærslulán hjá LÍN en árið 2005 voru umsækjendur orðnir 10.877. Þetta jafngildir um 44,3% fjölgun á sex ára tímabili.

Mynd 1: Lánþegar á Íslandi og erlendis, 1999-2005



Heimild: LÍN (2005)

¹ Sé litið til fjölda lánþega hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna (LÍN) en langflestir íslenskir nemendur í erlendum háskólum sækja um lán hjá sjóðnum


Lánþegum í íslenskum háskólum fjölgaði um ríflega 55% en það vekur hins vegar sérstaka eftirtekt að íslenskum nemendum í erlendum háskólum hefur ekki fjölgað nema um 17 af hundraði á tímabilinu, úr 2.169 námsmönnum árið 1999 í rétt um 2.527 námsmenn árið 2005 eins og sjá má á 1. mynd að ofan.

Eðli máls samkvæmt er ekkert óeðlilegt að samfara auknu námsframboði á háskólastigi innanlands með tilkomu t.a.m. Háskólans í Reykjavík og Viðskiptaháskólans á Bifröst, hafi hlutfallslega meiri vöxtur verið í aðsókn í nám á Íslandi en í útlöndum. Hins vegar er afar mikilvægt að námsmenn verði hvattir til að stunda hluta framhaldsnáms eða doktorsnáms utan Íslands

HLUTFÖLLIN ERU AÐ BREYTAST

Íslenskir námsmenn sækja í auknum mæli til Norðurlanda og bilið á milli þeirra sem kjósa að læra þar og í Bandaríkjunum breiðkar sífellt á meðan sókn til annarra landa er svipuð og undanfarin ár, eins og neðangreind mynd sýnir glögglega.

Mynd 2: Þróun á fjölda lánþega eftir löndum, 1999-2005



Heimild: LÍN (2005)

Erfitt er að henda reiður á ástæður þessarar þróunar, en vatnaskil virðast hafa átt sér stað þegar sterkt gengi bandaríkjadals gagnvart íslensku krónunni náði hámarki árið 2001 og við hertar kröfur í útlendingaeftirliti Bandaríkjanna eftir 11. september 2001.

FJÖLBREYTNÍ ER ÓMETANLEG

Með auknu námsframboði í háskólamenntun héraendis hefur hlutfall háskólamenntaðra einstaklinga náð svipuðu hlutfalli og þekktist í löndunum kringum okkur. Þetta hlutfall var töluvert lægra en meðaltal OECD-landa fyrir aldamót. Verslunarráð Íslands fagnar þessari þróun þar sem fjölbreytni í menntun er afar mikilvæg og bætir samkeppnisstöðu landsins til lengri tíma litið. Benda má á að um 80% yfirmanna 30 öflugustu útrásarfyrirtækja landsins hafa stundað nám erlendis og niðurstöður erlendra rannsókna benda til þess að því meira sem



stjórnendur hafi menntað sig erlendis því meiri líkur séu á því að fyrirtækin sækji af krafti á erlenda markaði. Því þarf að skoða hvernig megi hækka hlutfall þeirra nemenda sem stunda framhaldsnám erlendis.

Ví bendir á eftirfarandi þætti í því sambandi:

- Íslenskir háskólar þurfa að efla tengsl við erlenda háskóla og fyrirtæki með það fyrir augum að nemendur stundi hluta náms eða þjálfun erlendis. Þetta getur bæði átt við um framhaldsskóla og háskóla. Dæmi um þetta eru m.a. tengsl Viðskiptaháskólans á Bifröst við Shanghæ háskóla í Kína.
- Íslensk fyrirtæki hafa í vaxandi mæli stutt háskólanemendur og veitt þeim margvíslega styrki. Ví hefur um árabil stutt nemendur til náms erlendis. Hvetja þarf námsmenn enn frekar til að sækja nám fjær heimalandinu, í Asíu og Bandaríkjunum, með námsstyrkjum.
- Skoða ber hvort opna eigi möguleika námsmanna til að fá skólagjaldalán vegna fyrrihlutanáms erlendis jafnvel þótt svo hægt sé að stunda sambærilegt nám í íslenskum skólum.

Nánari upplýsingar veita Þór Sigfússon framkvæmdastjóri og Halldór Benjamín Þorbergsson hagfræðingur hjá Verzlunarráði Íslands í síma 510 7100.

